

Félag löggiltra
endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P /39/277/
komudagur P /39/211

Reykjavík 26. maí 2011
Tilvísun FLE 22-2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Kristjana Benediktsdóttir

Málefni: Frumvarp til laga um hlutafélög og einkahlutafélög (einföldun samruna- og skiptingarreglna) 641 mál.

Með tölvupósti dags. 11. maí s.l. óskaði Viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE

Alþingi
Erindi nr. P 139/2858
komudagur 3.6.2011

NASDAQ OMXSM

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 1. júní 2011
Tilvísun 111
MKÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, 641. mál

Vísað er til tölvupósts viðskiptanefndar Alþingis frá 11. maí 2011 þar sem óskað var umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun samruna- og skiptingarreglna o.fl.).

Kauphöllin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Magnús Kristinn Ásgeirsson,
lögfræðingur.



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 139/2416
komudagur 13.5.2011

Dagsetning

Tilvísun

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

13. maí 2011

A-8
LÖ/bb

Vísað er til erindis viðskiptanefndar Alþingis, dags. 11. þ.m., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um hlutafélög og einkahlutafélög, 641. mál.

Með frumvarpi þessu er lagt til að felld verði niður skilyrði í gildandi lögum þess efnis að hlutafélag og dótturfélög þess sem eiga samanlagt umfram 10% af hlutabréfum í félaginu þurfi einungis að losa sig við hlutabréfin ef unnt er að gera það án tjóns fyrir félagið. Þá er lagt til að innleidd verði tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/109/ EB sem breytir fjórum tilskipunum á sviði félagaréttar. Tilskipunin snýr að breytingum á reglum um innlendan samruna og skiptingu hlutafélaga og einkahlutafélaga, svo og millilandasamruna og millilandaskiptingu. Breytingunum er ætlað að draga úr stjórnsýslubyrðum í hlutafélögum um upplýsingaskyldu en frumvarpið gerir ráð fyrir að dregið verði úr skyldum hvað snertir gerð skýrsla og skjala og birtingu þeirra og að heimildir félaga til að nota vefinn til upplýsingagjafar aukist.

Ríkisendurskoðun hefur ekki fram að færa athugasemdir við frumvarpið.

Sumar í Hæð
Árni Jónsson



Alþingi
Erindi nr. P 139/2484
komudagur 18.S. 2011

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 12. maí 2011

Tilvísun: 2011050092

50.03


Tilvísun yðar: Þskj. 1130- 641. mál

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis til ríkislögreglustjóra 11. maí sl. þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög, 641. mál. Af hálfu embættis ríkislögreglustjóra eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

F.h. RLS

 
Guðmundur Guðjónsson / Hildur Georgsdóttir



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi

Erindi nr. P 139/2834

komudagur 31.5.2011

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100

Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 31. maí 2011 R2011050012
T-ums 33/11

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög - 641. mál.

Ríkisskattstjóri hefur þann 11. maí 2011 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Ríkisskattstjóri fyrirtækjaskrá hefur áður sent umsögn um frumvarpið til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins með bréfi dagsettu þann 25. nóvember 2010. Eru ítrekuð fyrri sjónarmið sem þá voru setti fram. Vafasamt kann að vera hvort þær breytingar sem frumvarpið kveður á um séu viðskiptalífínu til framdráttar en þau munu léttu um of upplýsingaskyldu íslenskra félaga. Einnig er bent á að verði fallið frá því að félög skili inn sameiginlegum efnahags- og rekstrarreikningi fyrir félögin þá minnka möguleikar fyrirtækjaskrár RSK á því að hafa eftirlit með yfirlýsingu löggilts endurskoðanda sbr. 97. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, („ehfl“) og yfirlýsingu matsmanna sbr. 122. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, („hfl“). Starfsmenn fyrirtækjaskrár RSK hafa í mörgum tilfellum tekið eftir því að yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða matsmanna er ekki í samræmi við sameiginlegan efnahags- og rekstrarreikninga félaga og hafa endurskoðendur eða matsmenn leiðrétt yfirlýsingar sínar í ljósi athugasemda starfsmanna fyrirtækjaskrár RSK. M.a. hefur það komið fyrir að endurskoðendur eða matsmenn telji hag kröfuhafa ekki rýrna meðan sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur félaga sýnir annað. Nokkur óvissa er um hvort ríkisskattstjóri, fyrirtækjaskrá muni geta rækt nauðsynlegt eftirlit ef sameiginlegum efnahags- og rekstrarreikningi félaganna er ekki skilað.

Að öðru leyti vísast til áður nefnds bréfs um þessi sjónarmið og fylgir afrit af bréfinu umsögn þessari.

Sé hins vegar ætlun löggjafans að léttu upplýsingaskyldunni eins og fram kemur í frumvarpinu er bent á tvö mikilvæg atriði sem æskilegt er að breytt verði í frumvarpinu:

- Í a-lið 2. gr. og í a-lið 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að hluthafafundur geti samþykkt samhljóða að ekki skuli semja greinargerð um samrunann. Fyrirtækjaskrá telur að nauðsynlegt sé, ef samþykkt er samhljóða á hluthafafundi að ekki skuli semja greinargerð um samrunann, að leggja þurfi fram hjá fyrirtækjaskrá fundargerð hluthafafundarins sem staðfestir niðurstöðu hluthafafundarins. Fyrirtækjaskrá telur það nauðsynlegt því annars eru engin gögn sem staðfesta að hluthafafundur hafi í raun samþykkt þetta atriði og er það miður.

Eru því lagðar eftirfarandi breytingartillögu til háttvirtrar nefndar, svohljóðandi:

b-liður 2. gr. Núverandi b-liður 2. gr. verður að c-lið. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málslíður sem verður 2. málsl. og orðast svo:

Ef samþykkt er samhljóða á hluthafafundi að ekki skuli semja greinargerðina skal senda hlutafélagaskrá afrit af fundargerð hluthafafundarins.

b-liður 6. gr. Núverandi b-liður 6. gr. verður að c-lið. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málslíður sem verður 2. málsl. og orðast svo:

Ef samþykkt er samhljóða á hluthafafundi að ekki skuli semja greinargerðina skal senda hlutafélagaskrá afrit af fundargerð hluthafafundarins.

- Í b-lið 2. gr. og í b-lið 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að heimilt sé að falla frá uppsetningu sameiginlega efnahags- og rekstrarreikningsins fyrir félögin sem miða skal við uppgjörsdag sem má ekki vera meira en sex mánuðum fyrir undirritun samrunaáætlunar fyrir félögin ef hluthafafundur samþykkir samhljóða að falla frá milliuppgjöri.

Fyrirtækjaskrá RSK bendir hér á að unnt mun verða að túlka ákvæðið þannig, ef breytingin verður samþykkt, að sú sex mánaða regla varðandi uppgjörsdag og almenn tímamörk gagna, sem berast fyrirtækjaskrá, eigi ekki við í þeim tilvikum þar sem samþykkt er að falla frá milliuppgjöri og uppsetningu sameiginlegs efnahags- og rekstrarreiknings. Sú hættu getur skapast að lítið verði framhjá þeirri sex mánaða reglu sem hefur verið í gildi. Þannig getur sá tími sem samruni miðast við og kemur fram í samrunaáætlun sbr. 7. tl. 95. gr. ehfl. og 8. tl. 120. gr. hfl. orðið lengri en sá sex mánaða frestur sem kemur fram í 2. mgr. 96. gr. ehfl. og 2. mgr. 121. gr. hfl. Opnist sá möguleiki, að félög geti tilkynnt inn samruna sem miðast til dæmis við 2 ár aftur í tímann, ógnar það áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hægt er að finna í fyrirtækjaskrá og þannig skapað óhagræði í viðskiptalífnu.

Fyrirtækjaskrá RSK gerir því eftirfarandi breytingartillögu að greinunum í frumvarpinu:

b-liður 2. gr. Inn kemur nýr b-liður. 3. málslíður 2. mgr. mun orðast svo:

Uppsetning sameiginlega efnahags- og rekstrarreikningsins fyrir félögin skal miða við uppgjörsdag nema hluthafar samþykki samhljóða að falla frá milliuppgjöri.

c-liður 2. gr. Inn kemur nýr c-liður. Við bætist ný málsgrein, 3. mgr. og orðast svo:

Uppgjörsdagur má ekki vera meira en sex mánuðum fyrir undirritun samrunaáætlunar.

b-liður 6. gr. Inn kemur nýr b-liður. 3. málslíður 2. mgr. mun orðast svo:

Uppsetning sameiginlega efnahags- og rekstrarreikningsins fyrir félögin skal miða við uppgjörsdag nema hluthafar samþykki samhljóða að falla frá milliuppgjöri.

c-liður 6. gr. Inn kemur nýr c-liður. Við bætist ný málsgrein, 3. mgr. og orðast

SVO:


Uppgjörsdagur má ekki vera meira en sex mánuðum fyrir undirritun samrunaáætlunar.


Vakin er athygli á því að sé 3. mgr. bætt við 96. gr. laga um ehfl. þá þarf einnig að breyta 7.tl. 95. gr. sömu laga. Sama á við ef 3. mgr. er bætt við 121. gr. hfl. Þá þarf einnig að breyta 8. tl. 120. gr. sömu laga.

Að öðru leyti fagnar ríkisskattstjóri fyrirtækjaskrá þeim breytingum sem varða birtingu skjala á vef félaga eða á öðrum viðurkenndum vefjum sbr. b-lið 3. gr. og b-lið 7. gr. frumvarpsins.

Ríkisskattstjóri fyrirtækjaskrá lýsir sig reiðubúna til að funda um efnið með viðskiptanefnd sé þess óskað.

Virðingarfyllst


Guðrún J. Jónsdóttir


Skúli Jónsson



Alþingi
Erindi nr. P 139/2833
komudagur 31.5.2011

30. maí 2011
SI-75313

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun samruna- og skiptingarreglna o.fl.), 139. löggjafarþing, 641. mál.

Með tölvupósti dags. 11. maí sl., óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur m.a. fram, að frumvarpið feli, að undanskilinni einni grein, í sér innleiðingu á tilskipun 2009/109/EB, en tilskipunin hafi verið tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2010 frá 12. mars 2010. Þá kemur fram, að breytingarnar snerti reglur um samruna og skiptingu hlutafélaga og einkahlutafélaga, og að aðalmarkmiðið með tilskipuninni, sem innleiða þurfi í íslenskan rétt fyrir júnílok 2011, sé að draga úr stjórnsýslubyrðum í hlutafélögum við vissar aðstæður, hvað snertir gerð skýrslna og skjala og birtingu þeirra, og m.a. með því að auka heimild til að nýta vef félaga.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Sigfús Gauti Þórðarson
staðgengill aðallögfræðings



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P/39/2723
komudagur 25.5.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. maí 2011.


Málefni: *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun samruna- og skiptingarreglna o.fl.) Þingskjal 1130 - 641. mál. Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 – 2011.*

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Viðskiptanefndar Alþingis, sent með tölvupósti 11. maí sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun samruna- og skiptingarreglna o.fl.). Þingskjal 1130 - 641. mál.

Tilgangurinn með frumvarpinu, að undanskilinni 1. gr., er að innleiða tilskipun 2009/109/EB sem hefur í för með sér breytingu á fjórum tilteknum tilskipunum á sviði félagaréttar.

Tollstjóri gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst,


Sigurður Skúli Bergsson
aðstoðartollstjóri



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t. Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. maí 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (641. mál).
Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á reglum um samruna og skiptingar í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög.

Viðskiptaráð gerir engar sérstakar athugasemdir við ofangreint frumvarp enda hér verið að innleiða ákvæði tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands